



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS  
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2028  
komudagur 3.5.2012

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 30. apríl 2012.

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um ætlað samþykki við líffæragjafir, 476. mál, þingmannatillaga.


Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 16. apríl sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um ætlað samþykki við líffæragjafir, 476. mál á 140. löggjafarþingi.

Í tillögunni felst að velferðarráðherra verði falið að láta semja frumvarp sem geri ráð fyrir „ætluðu samþykki“ við líffæragjafir í stað „ætlaðrar neitunar“ þannig að látinn einstaklingur verði sjálfkrafa líffæragjafi nema hann hafi látið í ljós vilja til hins gagnstæða. Neiti aðstandendur líffæragjöf við andlát einstaklings skuli þó taka tillit til þess. Tillögunni fylgir ítarleg greinargerð þar sem m.a. er rakin þróun mála hér á landi allt frá því að brottám líffæra varð mögulegt með lögum nr. 15/1991 um ákvörðun dauða og nr. 16/1991 um brottám líffæra (héttu upphaflega lög um brottám líffæra og krufningar).

LÍ er fylgjandi því að samið verði lagafrumvarp með ákvæðum sem tryggja að unnt sé að fjölga líffæragjöfum hér á landi. LÍ vill þó benda á að það er meginregla laga um réttindi sjúklinga nr. 74/199 að sjúklingur gefi samþykki sitt, sbr. 7. gr. laganna. LÍ telur mikilvægt að meginreglan gildi sem oftast, helst alltaf og telur að ná megi markmiðum þingsályktunartillögunnar með öðrum aðferðum en ætluðu samþykki ekki síst í ljósi þess að tillagan geri ráð fyrir að ef aðstandandi neiti þá skuli taka tillit til þeirrar óskar. Skv. upplýsingum sem fram komu í tillögu til þingsályktunartillögu um um upplýsingar í ökuskríteini um vilja til líffæragjafar frá 133. löggjafarþingi, sjá <http://www.althingi.is/altext/133/s/1115.html> hafna ættingjar líffæragjöf í 40% tilvika. Það er því hugsanlegt að ætlað samþykki með þeim fyrirvara að ættingjar geti engu að síður neitað, bæti í engu stöðuna frá því sem nú er. Í áðurnefndri þingsályktunartillögu frá 2006 er því haldið fram að vandfundin sé heppilegri leið en að notast við upplýsingar á ökuskríteini viðkomandi til að gera aðgengilegar upplýsingar um vilja einstaklings til líffæragjafar. Þessi leið hafi víða verið farin í Bandaríkjunum. Í sumum löndum er þessar upplýsingar að finna á sjúkratryggingaskríteini. Með þessari aðferð liggur beint fyrir samþykki einstaklingsins með þeim afleiðingum að afstaða aðstandenda getur ekki breytt þeim vilja.

LÍ lýsir sig því samþykkt því að samið verði frumvarp um þetta efni en telur að við frumvarpsvinnuna þurfi að skoða hvort hugsanlega sé árangursríkara að leita leiða sem fela í sér að einstaklingar séu einfaldlega spurðir um afstöðu sína til þessa og sú afstaða skráð með tryggilegum hætti, sbr. framangreint.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

  
Þorbjörn Jónsson,  
formaður.